

# Erindi Akstursíþróttafélags Hafnarfjarðar vegna nauðsynlegs viðhalds íþróttasvæðis félagsins.



Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar hefur stundað akstursíþróttir á svæði sínu frá árinu 2002. Félagið er eina akstursíþróttafélag á landinu sem starfrækir íþróttastarf fyrir börn og unglinga og hefur haft um 14 unglinga á sínum snærum á ári hverju. Nú eru þau teikn á lofti að unglingar á vegum félagsins munu aukast til muna í ár og unglingsflokkur Rallycrossdeildar félagsins sjá fleiri unglinga í keppnir en nokkurn tíman áður. Þessir öikumenn halda jafnan áfram í akstursíþróttum og hafa undantekningalaust vaxið úr grasi sem mun öruggari öikumenn og betri keppendur en þeir sem ekki stunda akstursíþróttir frá unga aldri.

Auk þess að stunda áðurneft unglingastarf hefur félagið stutt verulega við starfsemi Formula Student liða Háskóla Íslands og Háskóla Reykjavíkur á þann hátt að liðin hafa fengið afnot af íþróttasvæði félagsins við æfingar og prófanir á bílum sem þau smíða án endurgjalds. Einnig fóru stjórnendur félagsins á bíladaga Borgarholtsskóla nú fyrir skemmstu og héldu þar flottar kynningar annarsvegar á drift og rallycross, auk þess sem stjórnendur hafa fallist á að vera nemendum og kennurum skólans innan handar við smíði og útfærslu á keppnisbifreiðum sem smíðaðar verða fyrir nemendur að keppa á.


Þrátt fyrir þetta mikla starf hefur félagið verið útundan frá fjárhagsaðstoð Hafnarfjarðarbæjar frá upphafi. Nú er komin upp sú staða að malbik á keppnisbraut félagsins er svo illa farið að ástandið er farið að stofna áhorfendum, keppendum og keppnistækjum í mikla hættu og er ekki tryggt að hægt verði að nýta svæðið til íþróttaiðkunar félagsins í ár eða að Akstursíþróttasamband Íslands(AKÍS) muni yfir höfuð samþykkja svæðið hæft til keppnishalds. Ástandið má sjá nánar á myndum í fylgiskjali.

Til að undirstrika enn frekar alvarleika ástandsins og þeirrar stöðu sem upp er komin er rétt að greina frá því að síðast liðið sumar varð áhorfandi á viðburði félagsins fyrir því óhappi að hluti af malbiki brotnaði upp og fleygðist til með þeim afleiðingum að hann hafnaði í handlegg mannsins sem marðist mikið, ekki viljum við til þess hugsa hverjar afleiðingarnar hefðu verið ef malbiksþúturinn hefði hafnað í börnum sem stóðu á lengdar.

Í fyrsta skipti í sögu félagsins fengust upplýsingar um styrk frá Hafnarfjarðarbæ til viðhalds íþróttamannvirkja félagsins en reyndist það vera misskilningur og þeirri fjárhæð ætlað til uppbyggingar á svæði annars akstursíþróttafélags innan Hafnarfjarðar.

Þess má geta að hitt akstursíþróttafélagið hefur frá árinu 2010 fengið 32.188.000 kr,- frá Hafnarfirði til uppbyggingar og viðhalds mannvirkja.

Okkur þykir þetta mjög sorgleg þróun og skorum því á Hafnarfjörð að standa við bak unglíngastarfs á vegum íþróttafélaga bæjarins og finnst áður nefnd framkoma ekki vera í takt við stefnu Hafnarfjarðarbæjar líkt og kemur fram í grein sem birtist á [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is) auk þess að stefnu greinarinnar sé ekki fylgt er í henni minnst á að lögð sé áhersla á að endurnýja rekstarsamninga við félög sem hafa 50 börn eða fleiri, hinsvegar hafði Golfklúbburinn Setbergi einungis 5 stk árið 2016 en Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar hafði á skrá 15 stk á sama tíma, það er því ljóst að félagið hefði átt að komast á forgangslista enda rekstareikningur félagsins dagsettur 2006 og löngu orðinn úreltur.



Arnar Már Pálmarsson

Formaður AÍH

5.mars 2018

# Jafnræði og gegnsæi í starfi hafnfirskra íþróttafélaga

29. mar. 2017

Bæjarstjórn samþykkti í dag fyrirbyggjandi rekstrar- og þjónustusamninga við tólf íþróttafélög í Hafnarfirði. Félögin eru Badmintonfélag Hafnarfjarðar, Fimleikafélagið Björk, Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar, Fimleikafélag Hafnarfjarðar, Íþróttafélagið Fjörður, Golfklúbburinn Keilir, Golfklúbbur Setbergs, Íþróttafélagið Haukar, Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar, Sundfélag Hafnarfjarðar, Hestamannafélagið Sörli og Siglingaklúbburinn Þytur.

Um mitt ár 2015 kom út skýrsla sem greindi þáverandi samninga Hafnarfjarðarbæjar við íþróttafélögin, tekin voru saman framlög bæjarins til íþróttafélaga og gerður var samanburður við nágrannasveitarfélög. Niðurstaða skýrslu sýndi ógagnsæi og ójöfnuð í greiðslum til íþróttafélaganna og því var í skýrslunni lagt til að gera nýja gagnsæja samninga þar sem **lögð yrði áhersla á jöfnuð, sömu forsendur við útreikinga og að skilja á milli félagslega hluta félaganna og hefðbundins reksturs húsnæðis og valla**. Vilji var fyrir því að rekstrarkostnað þeirra mannvirkja sem íþróttafélögin reka fyrir Hafnarfjarðarbæ yrði greindur sérstaklega. Geir Bjarnason, íþrótt- og tólmstundafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar, hefur borið hitann og þungann af þessu verkefni ásamt Andra Ómarssyni, verkefnastjóra á stjórnsýslusviði. **Hafa þeir hitt fulltrúa allra félaganna og farið yfir rekstartölur og leiðir til að mæta sérstökum þörfum allra félaganna**. Fyrsta verkefnið var að fela Björkunum að taka við rekstri Íþróttamiðstöðvar Bjarkanna og hefur sá samningur fært Björkunum ýmis tækifæri sem auka gæði innra starfsins og bæta rekstur félagsins.

## Áhersla lögð á gæði þjónustu og farið sé eftir settum gæðaviðmiðum

**Endurnýjaðir hafa verið þjónustusamningar við öll þessi félög sem bjóða upp á barnastarf fyrir 50 börn eða fleiri** um þá þjónustu sem félagið leggur fram í bæjarfélaginu. Fyrst og fremst þjónustu fyrir börn og með hvaða hætti bæjarfélagið greiði félaginu fyrir þá þjónustu. Félögunum er raðað í átta meginflokkum og fá þau mismunandi framlag sem fer eftir fjölda iðkenda 0-18 ára. Framlag Hafnarfjarðarbæjar er ætlað sem stuðningur til félagsins til að bjóða upp á skipulagða íþróttþjálfun fyrir börn og unglinga í Hafnarfirði og rekstur skrifstofu. Lögð er áhersla á gæði þjónustunnar og munu Hafnarfjarðarbær og Íþróttabandalag Hafnarfjarðar fylgjast með að farið sé að gæðaviðmiðum sem sett eru fram í samningunum með samráðsfundum á milli aðila. Hinsvegar hafa verið endurnýjaðir rekstrarsamningar við nokkur íþróttafélög um rekstur mannvirkja. Um er að ræða Fimleikafélagið Björk og Bjarkarhúsið, Fimleikafélag Hafnarfjarðar og Kaplakrika, Íþróttafélagið Hauka og Ásvelli, Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar og Driftarhúsið, Golfklúbbinn Keili og Hvaleyrarvöll, Golfklúbbinn Setberg og Setbergsvöll, Hestamannafélagið Sörli og Sörlastaði og Siglingaklúbbinn Þyt og félagsheimili Þyts að Strandgötu 88. Félögin reka mannvirkin fyrir Hafnarfjarðarbæ, manna húsin, sjá um innkaup á rekstrarvörum, hluta viðhalds og að halda rekstri gangandi fyrir þá sem fara í leikfimi og stunda íþróttæfingar.

## Heilsubærinn Hafnarfjörður

Starfsemi íþróttafélag í Hafnarfirði er í miklum blóma og kjölfestan í rekstri félaganna öflugt sjálfbodaliðastarf. Hafnarfjarðarbær vonast til að stuðningurinn muni styrkja starfið enn frekar. Börnin í Hafnarfirði hafa í dag úr afar fjölbreyttri flóru íþróttafélaga og íþróttagreina að velja og því eru stöðugt auknar líkur á að fleiri börn en nokkru sinni fyrr finni sér verðuga íþrótt eða tómstund til að glíma við. **Heilsubærinn Hafnarfjörður hefur það yfirmarkmið að bæta vellíðan bæjarbúa. Að auka við stuðning til íþróttafélaga og gefa þeim tækifæri til að bera aukna ábyrgð á rekstri mannvirkja mun vonandi auka við gæði innra starfs félaganna.**